

Öryggisblöð (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 750/2008 (REACH).



1. Söluheiti efnis eða vörutegundar og notkun. Upplýsingar um seljanda, gerð öryggisblaða, útgáfudag og neyðarsímanúmer.

Söluheiti vöru: **TRAUSTI HRAUSTI / MEG-A-THERM**

Vörunúmer: 300-3550012

Notkun: Hreinsiefni.

Dreifingaraðili: KEMI ehf., Tunguhálsi 110 Reykjavík, sími 544 5466

Gerð öryggisblaða: EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130


Útgáfudagsetning: 19.10.2009

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Hættugreining.

Mjög ætandi. Hætta á alvarlegum augnskaða. Mjög hættulegt við innöndun. Hættulegt við inntöku.



3. Samsetning / upplýsingar um innihaldsefni.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
7664-93-9	231-639-5	Brennisteinssýra	60 - 100	C H35

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

4. Skyndihjálp.

Læknishjálp: Leitið lækni ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart og sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

Áhrif, eitrunareinkenni: Ætandi, sviði, bruni, sáramyndun. Einkenni koma etv. ekki fram strax.

Við innöndun: Tryggið hreint loft. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi. Ef öndun hefur stöðvast þarf þjálfaður aðili að veita öndunarhjálp strax.

Snerting við húð: Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og skolið húðina vandlega með miklu vatni. Leitið lækni ef erting er viðvarandi. Þvoið mengaðan hlífðarfatnað áður en hann er notaður aftur.

Snerting við augu: Skolið strax vandlega með nægu vatni með augað vel opið. Leitið lækni.

Við inntöku: Framkallið EKKI uppköst. Skolið munn og háls vel með vatni ef einstaklingurinn er með meðvitund. Leitið strax lækni.

5. Viðbrögð við eldsvoða.

Slökkviefni/búnaður: Heppileg slökkviefni eru duft, froða eða kolsýra.

Notið ekki (efni, búnað): Vatn.

<i>Hlífðarbúnaður:</i>	Forðist innöndun gufu/úða við bruna eða sprengingu. Notið fullan hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf.
<i>Sérstök hættu:</i>	Við bruna myndast brennisteinsoxíð.

6. Efnaleki.

Notið persónuhlífar skv. lið 8 við hreinsunarstörf. Einangrið svæðið og haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Stöðvið lekann ef það er hægt án áhættu. Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Látið efnið ekki berast í vatnsfarvegi, niðurföll, kjallara eða lokuð rými.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Forðist snertingu við augu og húð og innöndun gufu eða úða. Notið aðeins á vel loftræstum stað. Opnið og meðhöndlið umbúðir með varúð. Bætið aldrei vatni út í þetta efni. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur og andlit áður en matast er eða drukkið og eftir vinnu.

Geymsla: Geymið í vel lokuðum umbúðum á þurrum, læstum stað þar sem börn ná ekki til. Geymið ekki hjá matvælum eða öðrum neysluvörum, fóðri eða lyfjum.

Sérstök notkun: -

8. Takmörkun váhrifa / persónuhlífar.

Mengunarmörk: Brennisteinssýra: (MG) 1 mg/m³

Tæknilegar aðgerðir: Tryggið góða almenna loftræstingu og notið punktsgó frá notkunarstað til að halda loftmengun neðan mengunarmarka.

Persónuhlífar;

Öndunargrímur: Notið viðeigandi öndunartæki ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hættu er á að efnagufur í andrúmslofti fari yfir mengunarmörk.

Fyrir augu: Öryggisgleraugu með hliðarhlífum.

Fyrir hendur: Viðeigandi hlífðarhanskar.

Fyrir húð: Viðeigandi hlífðarfatnaður.

Hreinlæti við vinnu: Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur og andlit áður en matast er eða drukkið og eftir vinnu.

Umhverfið: Tryggið að mengun verði ekki yfir settum mengunarmörkum fyrir umhverfið.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

<i>Ástand / útlit / lykt:</i>	Vökvi / tær, litlaus eða gulleitur / lyktarlaus
<i>Sýrustig (pH):</i>	0,3
<i>Suðumark:</i>	150 - 330°C
<i>Bræðslumark:</i>	- 40 til - 1,1°C
<i>Rennslismark:</i>	-
<i>Blossamark:</i>	Efnið brennur ekki.
<i>Hætta á sjálfíkveikju:</i>	-
<i>Sprengimörk; neðri - efri:</i>	-
<i>Gufuþrýstingur:</i>	1,2 til 0,002 mm Hg
<i>Gufuþéttni:</i>	3,4
<i>Uppgufunarhraði:</i>	-
<i>Rokgjörn lífræn efni (VOC):</i>	-

<i>Fast efni, hlutfall af þunga:</i>	-
<i>Seigja:</i>	Líkist vatni
<i>Eðlisþyngd, hlutfallsleg:</i>	1,7059 - 1,8437
<i>Leysni:</i>	Blandast vatni
<i>Deilistuðull, n-oktanól/vatn:</i>	-

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

<i>Stöðugleiki:</i>	Efnið er stöðugt við venjulegar geymsluaðstæður.
<i>Aðstæður sem skal forðast:</i>	Hiti og ósamrýmanleg efni.
<i>Efni sem skal varast:</i>	Basar, afoxunarmiðlar, lífræn efni, raki. Hvarfast kröftuglega við vatn. Í snertingu við algenga málma myndast afar eldfimar gastegundir.
<i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i>	Brennisteinsoxíð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

<i>Áhrif við innöndun:</i>	Mjög hættulegt við innöndun. Brunatilfinning, sár háls, hósti, þung og/eða grunn öndun.
<i>Í snertingu við húð:</i>	Veldur alvarlegri ætingu. Roði, kvalir, blöðrumyndun.
<i>Í snertingu við augu:</i>	Veldur alvarlegri ætingu. Hætta á alvarlegum augnskaða. Roði, kvalir.
<i>Við inntöku:</i>	Hættulegt. Veldur alvarlegri ætingu. Kviðverkir, brunatilfinning, lost.
<i>Áhrif á miðtaugakerfi:</i>	-
<i>Bráð eiturrif:</i>	LD50 (inntaka, rottur): 2140 mg/kg LC50 (innöndun, rottur): 510 mg/l/2 klst.
<i>Langtímaáhrif:</i>	-

12. Vistfræðilegar upplýsingar.

<i>Dreifing/afdrif:</i>	-
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	Efnið er ekki talið hafa umtalsverð áhrif á vatnalífverur eða vistkerfi vatns.
<i>Önnur skaðleg áhrif:</i>	-
<i>Annað:</i>	-

13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Skemmt efni, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennt sorp, ef annað kemur ekki fram í reglum.
<i>Reglur um meðhöndlun og förgun úrgangs og umbúða:</i>	Lög nr. 55/2003, lög nr. 33/2004.

14. Flutningur.


<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur: 8	SP-nr.: 1830	Númer og bókstafur:
	Nafn efnis: SULFURIC ACID		
	Varúðarmerki:	Hættunr.:	Pökkunarflokkur: II
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: 8	SP-nr.: 1830	Pökkunarflokkur: II
	Ems: MFAG:		
	Nafn efnis: SULFURIC ACID		
	Varúðarmerki:		Sjávarmengandi:

Flutningur í lofti: ICAO/IATA flokkur: 8 SP-nr.: 1830 Pökkunarflokkur: II
 Nafn efnis: SULFURIC ACID
 Varúðarmerki:

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Umbúðamerkingar og upplýsingar um reglur sem varða notkun efnisins eða vörunnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 m. s. br. og tilskipunum 67/548/EB og 1999/45/EB:



Varnaðarmerki: C

Inniheldur: Brennisteinssýru 60-100%

H - setningar: H35 Mjög ætandi.

V - setningar: V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita lækni.

V30 Hellið ekki vatni á eða í vöruna.

V36/37/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.

V45 Leitið umsvifalaust lækni ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

(V2) GEYMIST Á LÆSTUM STAÐ ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann: 19.10.2009

Dagsetning frumrits: 27.02.2006

Útgáfa: 1,0 Breyttir liðir: -

Gert fyrir: KEMI ehf., Tunguhálsi 110 Reykjavík, sími 544 5466

Unnið af: EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H35 Mjög ætandi.

Annað: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á efniseiginleikum. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda.

Þessi öryggisblöð eru unnin eftir MSDS frá MEGA-LAB MANUFACTURING Co. Ltd., Ontario, Canada.